

Endurlífgunarráð SAk

Skipulag endurlífgunarmála á Sjúkrahúsinu á
Akureyri

Janúar 2015

Endurlífgunarráð SAk

Hrafnhildur Lilja Jónsdóttir, formaður

Eyrún Björg Þorfinnsdóttir

Girish Hirlekar

Gunnar Þór Gunnarsson

Hjördís Gunnarsdóttir

EFNISYFIRLIT

EFNISYFIRLIT.....	1
1 Skipulag endurlífgunarmála á SAK	2
2 Skipan bráðateymis og framkvæmd endurlífgunar	3
3 Tækjabúnaður til endurlífgunar	4
3.1 Bráðavagnar	4
3.2 Bráðatöskur og lágmarksbúnaður deilda.....	4
3.3 Hjartarafstuðtæki.....	5
4 Eftirlits- og gæðamál	5
4.1 Útkallsæfingar	6
5 Kennslumál.....	6
5.1 Grunnendurlífgun og viðbrögð við bráðum uppákomum.....	7
5.2 Sérhæfð endurlífgun	7
5.2.1 Sérhæfð endurlífgun I (ILS)	7
5.2.2 Sérhæfð endurlífgun II (ALS)	8
5.2.3 Sérhæfð endurlífgun barna I (EPILS)	8
5.2.4 Sérhæfð endurlífgun barna II (EPLS)	9
5.3 Endurmenntun	9
6 Málefni barnasviðs.....	9
7 Niðurstaða.....	10
8 Heimildir / frekara lesefni	12


1 Skipulag endurlífgunarmála á SAK

Í maí 2002 var óskað eftir því að skipaður yrði vinnuhópur til að fara yfir þær reglur sem giltu um útköll vegna endurlífgunar eða neyðarástands á sjúkrahúsinu. Í framhaldi af því var skipað endurlífgunarráð SAK í mars 2003 og var Helga Magnúsdóttir, svæfingalæknir fyrsti formaður þess. Fyrstu verkefni endurlífgunarráðs fólust í því að setja reglur um útköll vegna endurlífgunar eða neyðarástands, koma með tillögur að grunnbúnaði til endurlífgunar og skipuleggja endur- og símenntun í endurlífgun. Þessi vinna er í stöðugri þróun og hefur mikill metnaður verið lagður í að hafa þessi mál á hreinu.

Í núverandi endurlífgunarráði sitja Eyrún Björg Þorfinnsdóttir, Gunnar Þór Gunnarsson, Girish Hirlekar Hjördís Gunnarsdóttir og Hrafnhildur Lilja Jónsdóttir, formaður en hún hefur verið starfsmaður ráðsins í 10% starfi undanfarin ár.

Starfsemi endurlífgunarráðs SAK felst í að hafa eftirlit með neðangreindum verkefnum (sbr. mynd 1):

- Framkvæmd endurlífgunar
- Tækjabúnaður til endurlífgunar
- Eftirlit og gæðamál
- Kennslumál
- Rannsóknir



Mynd 1 Verkefni endurlífgunarráðs SAK

2 Skipan bráðateymis og framkvæmd endurlífgunar

Á Sjúkrahúsinu á Akureyri er starfandi bráðateymi (þ.e. hópur sérfræðinga sem kallaður er saman þegar hjartastopp eða önnur neyðartilfelli verða innan SAK). Teymið sinnir öllum deildum í meginbyggingu sjúkrahússins. Það er í hlutverki bráðateymis, í samstarfi við starfsfólk deilda, að ná markmiðum endurlífgunarráðs.

Markmið endurlífgunarráðs


- Allir sjúklingar eiga að geta fengið grunnendurlífgun strax (innan 1 mínútu) á deild af starfsfólki deildarinnar.
- Allir sjúklingar eiga að geta fengið rafstuð innan 3 mínútna frá upphafi bráðaástands.
- Sérhæfð endurlífgun á að geta hafist innan 5 mínútna frá upphafi bráðaástands.

Bráðateymi Sjúkrahússins á Akureyri skipa:

- Aðstoðarlæknir á lyflækningasviði
- Aðstoðarlæknir á handlækningasviði
- Hjúkrunarfræðingur á slysa- og bráðamóttöku

Auk þeirra eru í teyminu vakthafandi sérfræðingur í lyflækningum og vakthafandi svæfingalæknir auk barnalæknis ef um barn er að ræða. Þeir eru ekki í húsinu utan dagvinnutíma en eru kallaðir í hús ef þörf krefur.

Aðstoðarlæknir á lyflækningasviði, handlækningasviði og hjúkrunarfræðingur á slysa- og bráðamóttöku bera á sér farsíma til bráðaútkalla. Sími bráðateymis er 301 og hringja allir símarnir í einu. Hjúkrunarfræðingur á slysa- og bráðamóttöku sér um að bráðavagn, svæfingarlæknir og sérfræðingur í lyflækningum mæti á staðinn auk barnalæknis ef um barn er að ræða.



Mynd 2 Ferli við útkall

Utan meginbygginga sjúkrahússins er hringt í **112** eftir aðstoð en á Kristnesspítala er sjálfvirkt hjartastuðtæki svo hægt er að gefa rafstuð áður en sjúkrabíll kemur á svæðið ef þörf krefur.

Á öllum deildum Sjúkrahússins á Akureyri eru starfandi tengiliðir endurlífgunarráðs og sjá þeir um eftirfarandi verkefni:

- Skipuleggja kennslu í grunnendurlífgun fyrir starfsfólk deildarinnar
- Fylgja eftir að markmið endurlífgunarráðs séu uppfyllt á sinni deild. Þetta felur m.a. í sér eftirlit með búnaði og menntun starfsmanna auk eftirlits með útkallskerfi og prófun. Tengiliður getur leitað eftir aðstoð starfsmanns endurlífgunarráðs varðandi búnað og skipulagningu kennslu og æfinga.
- Skýrslugerð á þar til gerðu eyðublaði til starfsmanns endurlífgunarráðs í lok maí ár hvert. Hann ber einnig ábyrgð á að skýrslu sé skilað inn eftir bráðaútköll sem verða á hans deild.

Endurlífgunarráð vann að gerð nýrrar viðbragðsáætlunar í samræmi við nýjustu leiðbeiningar í endurlífgun fyrir allar deildir sjúkrahússins árið 2010. Í ljósi ólíkra starfsemi deilda innan SAK hafa viðbragðsáætlanirnar verið aðlagðar miðað við starfsemi, þekkingu og tækjabúnað hverju sinni. Veggspjöld hafa verið útbúin og þeim komið fyrir á öllum deildum sjúkrahússins.

3 Tækjabúnaður til endurlífgunar

3.1 Bráðavagnar

Bráðavagnar með hjartastuðtæki eru staðsettir á eftirfarandi deildum: Slys- og bráðamóttöku, svæfinga- og gjörgæsludeild, lyflækningadeild og Kristnesspítala (sjálfvirkt rafstuðtæki). Til er ágætis lýsing á lágmarksbúnaði bráðavagna (grunnlisti) og nákvæm innihaldslýsing fyrir bráðavagn sem staðsettur er á Slys- og bráðamóttöku. Forstöðumenn viðkomandi deilda bera ábyrgð á að þessi búnaður sé í góðu ásigkomulagi og ávallt tilbúinn til notkunar. Daglegt eftirlit með búnaðinum er í höndum hjúkrunarfræðinga.

3.2 Bráðatöskur og lágmarksbúnaður deilda

Á þeim deildum sem ekki hafa bráðavagn eru til staðar bráðatöskur með lágmarksútbúnaði til að hefja endurlífgun (kokrennur, sog, sogleggir, vasamaski (PocketMask), Ambu belgur og hnoðbretti í sumum). Á barnadeild er bráðataska með búnaði til endurlífgunar barna. Á fæðingarstofu og skurðstofu 2 er búnaður til endurlífgunar nýbura.

3.3 Hjartarafstuðtæki

Til eru eftirfarandi hjartastuðtæki á Sjúkrahúsinu á Akureyri:

Tegund	Staðsetning	Einfasa / tvífasa	Handvirkt / hálfsjálfvirkt / alsjálfvirkt	Eingöngu handfrjáls búnaður	Keypt (ár)	Ath.semdir
LifePak 20	Svæfinga- og gjörgæsludeild	Tvífasa	Já/já/nei	Nei	2008	
LifePak 20	Slysa- og bráðamóttaka	Tvífasa	Já/já/nei	Já	2009	
LifePak 20	Lyflækningadeild	Tvífasa	Já/já/nei	Já	2010	
Zoll AED plus	Kristnesspítali		nei/nei/já	Já	2008	
LifePak 20	Sjúkraflutninga-skólinn	Tvífasa	Já/já/nei	Nei	2006	Varatæki, notað til kennslu
LifePak 20	Endurlífgunarráð	Tvífasa	Já/já/nei	Nei	2014	Varatæki, notað til kennslu

4 Eftirlits- og gæðamál

Settar hafa verið fram kröfur um þekkingu í sérhæfðri endurlífgun meðal starfsmanna sjúkrahússins og endurlífgunarráð hefur gefið út leiðbeiningar um það hvaða starfshópar skulu sækja hvaða námskeið (tilkynnt forsvarsmönnum deilda í janúar 2009, og breytingar í júní 2014).

Þá var einnig tekið í notkun endurskoðað skráningablað allra neyðartilfella og endurlífgunartilrauna, í þeirri vinnu stuðst við svokallaðan Utstein staðal. Þetta gerir okkur kleyft að skrá og meta árangur í endurlífgun á sjúkrahúsinu og bera saman við árangur annars staðar. Er þetta mikilvægur þáttur í gæðastjórnun þessarar starfsemi.

Það er á ábyrgð stjórnanda bráðateymisins að skrá þessar upplýsingar og senda formanni endurlífgunarráðs ljósritað eintak.

Endurlífgunarráð hefur staðið fyrir æfingum inni á deildum sjúkrahússins, þar sem líkt er eftir útkalli í hjartastoppi. Tilgangur slíkra æfinga er tvíþættur samanber lýsingu í kafla 4.1. Slíkar æfingar eru gagnlegar fyrir alla aðila og eru slíkar æfingar haldnar á öllum deildum ár hvert á Sjúkrahúsinu á Akureyri.

4.1 Útkallsæfingar

Útkallsæfingar eru haldnar með tvennu sniði.

1. Grunnendurlífgun - útkallsæfingar þar sem kannað er, boðun, útkallstími og grunnendurlífgun sem veitt er. Æfingin felst í því að fylgjast með boðun bráðateymis, bæði hvað varðar starfsfólk sem er vitni af neyðartilfellinu og einnig þeirra sem eiga, eftir boðun, að hringja í starfsmenn teymisins sem ekki bera neyðarsíma. Einnig er fylgst með þeirri grunnendurlífgun sem starfsfólk deildarinnar veitir þar til bráðateymi mætir á staðinn og viðbragsflýtir teymis metinn, bæði hvað varðar unglækna og bráðavagn. Þessum æfingum lýkur þegar fyrsta stuð hefur verið veitt.

Útkallsæfingar í grunnendurlífgun eru haldnar 1x í mánuði á mismunandi deildum stofnunarinnar og á mismunandi tímum.

2. Sérhæfð endurlífgun - útkallsæfingar á slysa- og bráðamóttöku, lyflækningadeild og svæfinga- og gjörgæsludeild þar sem æfð er sérhæfð meðferð einstaklinga í hjartastoppi. Tilgangurinn með slíkum æfingum er að þjálfar:
 - Boðun, útkallstíma, grunn- og sérhæfða endurlífgun
 - Hlutverk stjórnanda, skipting og skipulag verkefna, samskipti og framkvæmd og teymisvinnu starfsfólks í bráðateymi.

Æfingarnar eru jafnvel teknar upp á myndband og farið yfir með starfsfólki í lok tilfellis hvernig gekk, hvað var gott og hvað má betur fara í þeim tilgangi að draga lærdóm af æfingunni.

Útkallsæfingar í sérhæfðri endurlífgun verða haldnar 1x í mánuði á þeim deildum sem hafa bráðavagna svæfinga- og gjörgæsludeild, lyflækningadeild og á slysa- og bráðamóttöku.

Æfingarnar verða á fyrirfram ákveðnum dagsetningum í þeim tilgangi að sérfræðingar á lyflækninga- og svæfingadeild geti gert ráð fyrir þeim í sínum vinnuáætlunum.

Í þessum æfingum hefur komið í ljós sú mikla þörf á að allir þeir sem koma að endurlífgun sækji þau námskeið sem mælt er með og sækji reglulega endurmenntunarnámskeið í endurlífgun til að teymisvinna gangi sem best fyrir sig.

5 Kennslumál

Það er ljóst að þjóða þarf upp á fjölbreytta kennslu í endurlífgun fyrir starfsfólk sjúkrahússins. Þekkingarstig starfsfólks er mjög mismunandi og þar með mismunandi þarfir fyrir þjálfun en mikilvægt er að sem flestir fái fræðslu í endurlífgun og viðbrögðum við bráðum tilfellum.

5.1 Grunnendurlífgun og viðbrögð við bráðum uppákomum

Gert er ráð fyrir að þeir heilbrigðisstarfsmenn sem koma að ummönnun sjúklinga fái þjálfun í fyrstu viðbrögðum í neyðartilvikum og grunnendurlífgun. Endurlífgunarráð SAK útbjó á sínum tíma staðlaðar kennslumöppur með kennsluefni í grunnendurlífgun sem afhent var tengiliðum allra eininga / deilda. Tengiliðirnir gegna síðan lykilhlutverki í kennslu við grunnendurlífgun og í viðbrögðum við bráðum uppákomum á öllum deildum SAK (sjá kafla 2). Mikilvægt er að námskeiðið taki mið af þörfum starfsmanna t.d. ef um fræðslu fyrir starfsfólk barnadeildar er að ræða þá er lögð áhersla á endurlífgun barna. Endurlífgunarráð sér um að uppfæra þessar möppur þegar nýjar leiðbeiningar eru settar fram (síðast í lok árs 2010). Með þessu móti er kennslu í grunnendurlífgun og bráðum uppákomum fléttað inn í starfsumhverfi hvers og eins. Þetta fyrirkomulag hefur gefist vel og er ánægja með þennan hátt meðal starfsfólks.

5.2 Sérhæfð endurlífgun

Heilbrigðisstarfsfólk sem þarf starfs síns vegna að taka þátt í endurlífgun t.d. lækna, hjúkrunarfræðingar, hjúkrunarfræði- og læknanemar þurfa á fá námskeið í sérhæfðri endurlífgun samkvæmt ákvörðun endurlífgunarráðs SAK (sem endurspeglar stefnu endurlífgunarráðs Íslands). Endurlífgunarráð hefur skipulagt kennslu og námskeið í sérhæfðri endurlífgun í samstarfi við starfsfólk Sjúkraflutningaskólans, en vorið 2014 tók sérfræðingur í bráðahjúkrun á SAK yfir umsjón með námskeiðunum. Um er að ræða stöðluð námskeið frá Evrópska endurlífgunarráðinu (ERC) - sérhæfð endurlífgun fullorðinna I og II, einnig hefur verið boðið uppá námskeið í sérhæfðri endurlífgun barna II í samvinnu við Endurlífgunarráð Íslands ennfremur sem boðið verður uppá námskeið í sérhæfðri endurlífgun barna I í fyrsta skipti veturinn 2014- 2015, nánar verður gerð grein fyrir námskeiðunum hér fyrir neðan.

5.2.1 Sérhæfð endurlífgun I (ILS)

Sérhæfð endurlífgun I er 8 klukkustunda námskeið sem hugsað er fyrir þann hóp heilbrigðisstarfsmanna sem þarf starfs síns vegna að geta tekið þátt í endurlífgun. Í ljósi þess hefur endurlífgunarráð skilgreint markhópin fyrir þetta námskeið:

- Hjúkrunarfræðingar á skurðlækningadeild, almennri göngudeild, gjörgæslu- og svæfingadeild, slysa- og bráðamóttöku og Kristnesspítala .
- Læknar á skurðlækningadeild, kvennadeild og Kristnesspítala.

Markmið námskeiðsins er að tryggja að heilbrigðisstarfsmenn séu færir um greina fyrstu einkenni hjartabilunar, kunni helstu aðgerðir sem beita má til að koma í veg fyrir hjartastopp. Markmiðið felst einnig í því að stuðla að því að þeir búi yfir nægri þekkingu og hæfni til að meðhöndla sjúkling í hjartastoppi áður en að sérhæft bráðateymi kemur auk þess sem þeir eiga að geta tekið þátt í vinnu

endurlífgunarteyma. Námskeiðið skal sótt á þriggja ára fresti. Þessi námskeið eru í boði reglulega frá september – maí ár hvert. Áætlun um tímasetningar námskeiða er lögð fram á haustin.

5.2.2 Sérhæfð endurlífgun II (ALS)

Sérhæfð endurlífgun II er 20 klukkustunda námskeið sem hugsað er fyrir þann hóp heilbrigðisstarfsmanna sem þarf starfs síns vegna að taka stjórnina í sérhæfðri endurlífgun. Í ljósi þess hefur endurlífgunarráð skilgreint markhópinn fyrir þetta námskeið:

- Aðstoðarlæknar sem ekki hafa sótt námskeið í sérhæfðri endurlífgun II
- Læknar sem eru í bráðateymi SAK - Sérfræðingar á lyflækningadeild og svæfinga- og gjörgæsludeild (sem taka vaktir)
- Hjúkrunarfræðingar á svæfinga- og gjörgæsludeild, lyflækningadeild og slysa- og bráðamóttöku (sem hafa lokið námskeiðinu “sérhæfð endurlífgun I”).

Markmið námskeiðsins er að þjálfa heilbrigðisstarfsfólk í aðgerðum til að koma í veg fyrir hjartastopp og að þeir séu færir um að veita sérhæfða endurlífgun og stjórna aðgerðum á vettvangi. Námskeiðið er haldið 1 – 2 sinnum á ári, sækja þarf átta klukkustunda endurmenntunardag eða sitja heilt námskeið á a.m.k. fimm ára fresti. Áætlun um tímasetningar námskeiða er lögð fram á haustin fyrir næsta starfsár.

5.2.3 Sérhæfð endurlífgun barna I (EPILS)

Sérhæfð endurlífgun barna I er 8 klukkustunda námskeið sem hugsað er fyrir þann hóp heilbrigðisstarfsmanna sem getur starfs síns vegna þurft að meðhöndla bráðveik börn og geta brugðist við og tekið þátt í endurlífgun barna sem hluti af bráðateymi.

Í ljósi þess hefur endurlífgunarráð skilgreint markhópinn fyrir þetta námskeið

- Aðstoðarlæknar
- Hjúkrunarfræðingar á barnadeild, slysa- og bráðamóttöku, svæfinga- og gjörgæsludeild,

Markmiðið er að þjálfa heilbrigðisstarfsfólk í þekkja og meðhöndla lífshættulega veik börn og börn í hjartastoppi, beita grunnendurlífgun þ.e. hjartahnoði öndunarhjálp og rafstuði þar til sérhæfð aðstoð berst. Áætlun um tímasetningar námskeiða er lögð fram á haustin fyrir næsta starfsár.

5.2.4 Sérhæfð endurlífgun barna II (EPLS)

Sérhæfð endurlífgun barna II er 20 klukkustunda námskeið sem hugsað er fyrir þann hóp heilbrigðisstarfsmanna sem þarf starfs síns vegna að taka stjórnina í sérhæfðri endurlífgun á börnum. Í ljósi þess hefur endurlífgunarráð skilgreint markhópinn fyrir þetta námskeið:

- Læknar sem eru í bráðateymi SAK - Sérfræðingar á barnadeild og svæfinga- og gjörgæsludeild
- Hjúkrunarfræðingar á svæfinga- og gjörgæsludeild og slysa- og bráðamóttöku (æskilegt er að hafa lokið áður námskeiðinu sérhæfð endurlífgun barna I)

Markmið námskeiðsins er að þjálfa heilbrigðisstarfsfólk í að þekkja og meðhöndla lífshættulega veik börn og að þeir séu færir um að veita sérhæfða endurlífgun á barni og stjórna aðgerðum á vettvangi. Þessi námskeið eru í boði annað hvert ár í samvinnu við Endurlífgunarráð Íslands.

5.3 Endurmenntun

Endurmenntun hefur verið haldin árlega fyrir þá sem sótt hafa námskeið í sérhæfðri endurlífgun. Boðið er upp á tveggja klukkustunda verklegar æfingar í endurlífgun. Nemendur fá upplýsingar um hvar þeir geta aflað sér upplýsinga um leiðbeiningar í endurlífgun / vinnuferla og gert er ráð fyrir að þeir séu undirbúnir áður en þeir koma í verklegar æfingar. Þetta form hefur gefist vel og er haldið á hverju vori. Þess ber að geta að þetta fyrirkomulag verklegra æfinga miðast við að bjóða upp á upprifjun en lengir ekki gildistíma þeirra skirteina sem gefin eru út eftir námskeið í sérhæfðri endurlífgun I og II. ERC gerir ráð fyrir stöðluðum endurmenntunarnámskeiðum í sérhæfðri endurlífgun II til framlengingar á skirteinum á innan við 5 ára fresti frá upphaflega námskeiði eða annað námskeið. Í Sérhæfðri endurlífgun I er gert ráð fyrir nýju námskeiði á þriggja ára fresti.

6 Málefni barnasviðs

Hér verður fjallað um atriði er varða viðbúnað við endurlífganir nýbura og eldri barna á barnadeild, fæðingadeild og skurðstofum/vöknun/svæfinga- og gjörgæsludeild.

Skapist þörf fyrir endurlífgun á barnadeild er hringt í 301. Bráðateymi barna skipa eftirfarandi:

- Vakthafandi sérfræðilæknir á barnadeild (ferilvakt um helgar og eftir kl. 16 virka daga)
- Vakthafandi sérfræðilæknir á svæfinga- og gjörgæsludeild (ferilvakt um helgar og eftir kl. 16 virka daga)
- Hjúkrunarfræðingur á barnadeild
- Vakthafandi unglæknar

Á barnadeild er til staðar búnaður og lyf til endurlífgunar, en ekki hjartastuðtæki. Verði útkall þá kemur starfsfólk frá svæfinga- og gjörgæsludeild með hjartastuðtæki sem staðsett er á þeirri deild.

Skapist þörf fyrir endurlífgun nýbura á fæðingadeild er hringt í 301. Bráðateymið skipa eftirfarandi:

- Vakthafandi sérfræðilæknir á barnadeild (ferilvakt um helgar og eftir kl. 16 virka daga)
- Vakthafandi sérfræðilæknir á svæfinga- og gjörgæsludeild (ferilvakt um helgar og eftir kl. 16 virka daga)
- Vakthafandi ljósmóðir
- Vakthafandi unglæknar

Á fæðingadeild er endurlífgunarborð á fæðingarstofu með öllum nauðsynlegum búnaði og lyfjum til endurlífgunar barna. Forstöðulæknir barnadeildar sér til þess að búnaðurinn sé eins og best er á kosið. Daglegt eftirlit með búnaðinum er í höndum ljósmæðra. Við allar fæðingar á skurðstofu eru ljósmóðir, barnalæknir, svæfingalæknir og unglæknir. Því er ekki þörf á sérstökum útkallsreglum þar. Í forherbergi skurðstofu 2 er endurlífgunarborð. Forstöðulæknir barnadeildar sér til þess að búnaðurinn sé eins og best er á kosið. Daglegt eftirlit með búnaðinum er í höndum svæfingarhjúkrunarfræðinga.

Á undanförunum árum hafa verið haldin námskeið í sérhæfðri endurlífgun barna á SAK. Einnig hafa farið fram mörg óformleg námskeið í endurlífgun nýbura fyrir unglækna, læknanema, sjúkraflutningamenn og ljósmæður. Leitast er við að halda árlega námskeiðið „Bráðveikir og slasaðir“ fyrir lækna og sjúkraflutningamenn sem stunda sjúkraflug en þar fer fram fræðsla um endurlífgun barna og nýbura. Mikilvægt er að þessu starfi verið haldið áfram og það fært í skýrari farveg. Endurlífgunarráð Íslands hefur unnið að því að taka upp stöðluð námskeið í endurlífgun barna frá ERC og héldu í tenglum við það fyrstu námskeiðin vorið 2011 sem starfsfólk frá Sjúkrahúsinu á Akureyri sóttu, þar af allir sérfræðingar á barnadeild. Ennfremur hélt Endurlífgunarráð Íslands tvö námskeið á Sjúkrahúsinu á Akureyri í samvinnu við Sjúkraflutningaskólann í janúar 2013. Þrír starfsmenn Sjúkrahússins á Akureyri hafa nú öðlast full leiðbeinenda réttindi í sérhæfðri endurlífgun barna. Regluleg námskeið í endurlífgun barna I hefst veturinn 2014-2015 á SAK en fyrst um sinn verða námskeið í sérhæfðri endurlífgun barna II haldin í samvinnu við Endurlífgunarráð Íslands. Slíkt fyrirkomulag hefur gefist vel hvað varðar námskeið í sérhæfðri endurlífgun fullorðinna. Það ber þó að taka fram að þó svo slíkt fyrirkomulag komist á, þá er mikilvægt að læknar og læknanemar sem koma til starfa fái leiðbeiningar í endurlífgun nýbura og kynni sér starfsreglur sjúkrahússins leið og þeir hefja störf.

7 Niðurstaða

Umtalsverð vinna felst í starfi endurlífgunarráðs SAK og er hér um að ræða mjög skilvirkt starf. Reynt hefur verið að bregðast við ábendingum um hvað betur megi fara m.t.t. fyrstu viðbragða / upplýsinga / leiðbeininga er snerta þetta málefni. Mikilvægt er að halda áfram að þróa þetta starf og tryggja starfsemi í þessum málaflokki lengi vel hefur endurlífgunarráð verið með starfsmann í 10% starfi en frá 1. apríl 2014 tók sérfræðingur í bráðahjúkrun við framkvæmdahluta starfseminnar. Mikilvægt er að halda áfram að bjóða upp á öfluga kennslu, bæði í sérhæfðri endurlífgun og grunnendurlífgun, en huga jafnframt að þróun endurmenntunarnámskeiða s.s. að færa þau meira inn á deildarnar og tengja þannig betur við starfsemi deildarinnar.

Ekkert hefur verið rætt um skráningu útkalla vegna hjartastopps innan SAK en það þarf klárlega að huga að bættri skráningu fyrir hjartastopp innanhúss þannig að hægt verði að halda betur utan um fjölda tilfella og þannig draga lærdóm af þeim tilfellum auk þess sem hægt verður að bera saman árangur á innlendum og erlendum vettvangi.

8 Heimildir / frekara lesefni

Endurlífgunarráð Íslands	www.endurlifgun.is
Sjúkraflutningaskólinn	www.ems.is
Norsk Resuscitasjonsráð	www.nrr.org/
European Resuscitation Council	www.erc.edu
International Liaison Committee on Resuscitation (ILCOR)	www.erc.edu/index.php/ilcor/en/
Learn CPR	http://depts.washington.edu/learncpr/
